



Skógræktarfélag Selfoss

Skýrsla formanns 2018 - 2019

Veturinn 2017-2018 var nokkuð hagstæður fyrir trjágróður í Hellisskógi. Snjór var á jörðu mest allan veturinn og lítið um stórviðri með skafbyl. Skemmdir eftir veturinn voru engar.

Vorið og sumarið var votviðrasamt og fremur kalt. Engin frosthret í maí og júní.

Vöxtur var hægur í birki og ösp en greni og fura voru með þokkalegan vöxt. Engin fræmyndun var á birki í Hellisskógi og ilmreynir þroskaði ekki ber. Aðrar reynitegundir voru með sæmilegan berjaþroska.

Veturinn 2018-2019 var mjög hagstæður trjágróðri. Enginn klaki var í jörðu og hlýindi í haust og fram yfir áramót. Þegar loks kólnaði var snjóhula yfir öllu sem hlýfði fyrir frosti. Hvöss SV átt og éljagangur og skafbylur síðari hluta mars virðist ekki hafa valdið neinum skemmdum á trjánum í Hellisskógi.

Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss 2018 var haldinn fimmtudaginn 26. apríl kl. 20 í SASS- salnum.

Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf og Örn Óskarsson var með fyrirlestur um fuglalíf í Hellisskógi. Mæting var betri en oft áður, enda í fyrsta skipti í mörg ár sem fundurinn var haldinn á Selfossi.

Stjórnin var endurkjörin og skipti með sér verkum.

Örn Óskarsson tók við formennsku af Björgvini Erni Eggertssyni. Snorri Sigurfinnsson varð áfram ritari en Hermann Ólafsson gjaldkeri. Ólafur Hákon og Björgvin Örn meðstjórnendur.

Lítið er orðið eftir af aðgengilegum plöntunarsvæðum í Hellisskógi og þörf er á jarðvinnslu og bættu aðgengi til að hægt sé að nýta vel þau svæði sem ætlunin er að planta í á næstu árum. Ekki er ætlunin að planta í blautustu mýrarsvæðin en þau munu væntanlega samt sem áður klæðast víðigróðri í framtíðinni.

Síðastliðið sumar var plantað 986 bakkaplöntum og 100 aspargræðlingum. Plöntun hófst 4. júní, en þá komu 60 krakkar úr 5. bekk Sólvallaskóla og plöntuðu 201 birkitrjám rétt austan við trjásafið (í jaðri vegstæðis).

Gróðursetningarkvöld skógræktarfélagins í Hellisskógi voru 6. júní og 7. júní. Þann 6. júní mættu 10 manns og gróðursettu 80 birki-, 400 sitkagreni- og 120 stafafuruplöntur í NA-horn skógarins, upp við Biskupstungnabraut.

Þann 7. júní mættu 4 og gróðursettu 105 reyniviðarplöntur og 80 birkiplöntur í holtið vestan við Hellinn.

Bæði kvöldin kom Ólafur Hákon með bakkelsi á planið við Biskupstungnabraut.

Böðvar Guðmundsson færði félaginu um 100 græðlinga af ösp (brekkan og lðunn). Ólafur Hákon ásamt aðstoðarmönnum stakk þeim niður í slakkan vestan við Hellinn 12. júní.

Ólafur Hákon hafði umsjón með framkvæmdum við stíga /vegi, slátt og viðhald borða og bekkja í Hellisskógi eins og undanfarin ár. Í júní og júlí hafði hann 1 - 3 stráka frá vinnskóla Árborgar sér til aðstoðar. Hann notaði Toyota-bíl félagsins sem var settur á skrá í apríl og tekinn aftur af skrá í byrjun nóvember.



Í september og október setti Örn formaður niður stikur til að marka stíga og skurði framtíðarinnar.

Vegagerðin gaf félaginu ræsisrör (40 cm og 9 m) til að setja í skurð neðan við Biskupstungnabraut. Félagið fékk tilboð frá Borgarverki um að aka mül í veg á kr. 1800 kr m³. Alls fóru um 120 m³ í veginn. Mölin kom 12. sept.

21. sept ók Guðmundur B Sigurðsson gröfumaður mölinni í veginn og setti niður ræsið. Hann færði líka trjáplöntur úr vegstæðinu. Vegurinn varð um 70

m langur og opnaði fyrir aðgengi véla og mannskaps inn á svæðið neðan við Biskupstungnabraut. Þessi vegur er fyrsti hlutinn af vegi sem verður lagður alla leið niður að Helli. Hann verður notaður til að komast inn í Hellisskóg í framtíðinni á meðan vegagerð og brúargerð mun loka fyrir aðgengi með Ölfusá, en er annars ekki hugsaður fyrir almenna umferð.

Félagið sótti um styrki í ferðamálasjóð fyrir bílastæðum við Hellinn og fyrir upplýsingaskiltum um fugla í Hellisskógi og á Ölfusá. Um miðjan mars kom tilkynning um að umsóknunum hefði verið hafnað.

Björgvin Örn hefur grisjað fyrir vegstæði og vegna fyrirhugaðra skurða /vega. Hann sagaði einnig niður gömul alaskavíðibelti vestan við Grímskletta.

Jólatré Selfyssinga var 7,5 m hátt sitkagrenitré sem var fellt 27. nóvember. Björgvin sá um fellinguna. Það var undir rafmagnslínu og þurfti að taka. Starfsmenn Selfossbæjar sóttu tréð og reistu í Tryggvagarði.



Ólafur Hákon kvaddi 15. febrúar eftir skammvinn veikindi. Ólafur Hákon kom að uppbyggingu Hellisskógar við Selfoss og mörg undanfarin ár hafði hann umsjón með sumarstarfinu þar. Hann stjórnaði viðhaldi og lagningu göngustíga og áningastaða, smíðaði göngubrýr, bekki og borð. Á hverju sumri naut hann liðsinnis unglunga úr bæjarvinnunni við framkvæmdir og viðhald á svæðinu. Hann tók einnig að sér að sjá um kaffi og bakkelsi á vinnukvöldum í skóginum, oftast í Hellinum. Þetta voru allt afskaplega þörf verkefni og hafa samhliða skógræktarstarfinu gert Hellisskóg að afar vinsælu og aðgengilegu útivistarsvæði í landi Selfossbæjar.

Það verður erfitt að finna jafn hæfileikaríkan og áhugasaman einstakling eins og Ólaf Hákon til að taka við þeim verkefnum sem þarf að sinna við uppbyggingu í Hellisskógi. Í haust var hann þegar búinn að leggja fram hugmyndir að starfi næsta sumars og benda á staði þar sem þörf var á frekari uppbyggingu, viðgerðum og úrbótum.

Ólafur Hákon var góður félagi og verður hans sárt saknað í skógræktarstarfinu. Ákveðið hefur verið að ósk ættingja að gera minningarreit um Ólaf á vel völdum stað í Hellisskógi.



Dagana 4. - 8. mars gróf Óli á Læk skurði í Hellismýri (stór grafa). Verkið tók 35 klst. Skurðruðningarnir verða nýttir til að leggja vegi og stíga um skóginn á



næstu árum. Þann 8. apríl byrjaði hann aftur að grafa og nú með lítilli gröfu sem auðveldlega kemst inn á milli trjána. Grafnir eru um 60-70 cm djúpir skurðir til að tappa af stífluðum plógförum frá fyrri tíð. Í dag gróf hann skurð með fyrirhuguðum stíg í Hellissgili og jafnaði undir stíglagningu sem fyrirhuguð er í sumari. Sett voru fjögur ræsi undir stígstæðið.

Í sumar verður haldið áfram með hefðbundin verk í lagningu og viðhaldi stíga um Hellisskóg og í haust verður fengið tæki til að jafna út nýju skurðruðningana og undirbúa lagningu vega og stíga á þeim. Engum bakkaplöntum verður plantað í sumar en þess í stað fengnar stærri pottaplöntur af lauftrjám til að planta víða um skóginn. Einnig verður stungið niður aspargræðlingum.

Örn Óskarsson
Formaður Skógræktarfélags Selfoss